

AUGLÝSING um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við VII. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og með samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepp og forsætisráðuneytis ákveðið að friðlýsa svæði í Þjórsárdal sem landslagsverndarsvæði í samræmi við 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndargildi svæðisins í Þjórsárdal byggir fyrst og fremst á jarðfræðilegri sérstöðu og fágætu, sérstöku og fögru landslagi. Á svæðinu eru einnig mikil tækifæri til útivistar og sjálfbærrar ferðamennsku.

Dalurinn er nokkuð sléttlendur og vikurborinn eftir endurtekin eldgos í Heklu. Innan svæðisins liggja m.a. gerviggar, Gjáin, Háifoss, Hjálparfoss sem og fjöldi menningarminja sem vitna um mannvistir á svæðinu fyrir á tímum. Sérstada svæðisins felst einkum í einstakri náttúru, sérstökum jarðmyndunum og menningarminjum. Er svæðið sérstakt fyrir uppgræðslu vikra og endurheimt birkiskóga sem unnið hefur verið að frá 1939.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993) og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995) XXX

Hið friðlýsta svæði er XXX km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita jarðfræðilega fjölbreytni og landslag sem er sérstætt vegna fagurfræðilegs og menningarlegs gildis í samræmi við 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndana, landslagsheilda, lífríkis, fossa, vatnsfarvega og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki, menningarminjum og ásýnd svæðisins verði ekki spillt.

Með friðlýsingu svæðisins er stuðlað að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

Innan verndarsvæðisins eru skilgreind XX svæði með sérreglum. Svæðaskiptinguna má sjá á korti í viðauka I. Svæði I nær til Gjárinnar og nærumhverfis hennar sem vernda þarf sérstaklega vegna viðkvæms dýralífs, gróðurfars og jarðfræðilegrar sérstöðu. Svæði II nær til Háafoss og Granna og umhverfis þeirra sem vernda þarf sérstaklega vegna sérstæðra jarðmyndana, fossa og af öryggissjónarmiðum.

Friðlýsta svæðið liggur frá Skeljafelli og Rauða að austan og Reykholti og Rauðukamba að vestan. Norðurmörk liggja fram á Fossheiði og suðurmörk liggja á Vikrum.

4. gr.

Umsjón

Commented [IMB1]: Skoða þarf þetta sérstaklega þessa grein, sér í lagi ef ákveðin verður svæðisskipting innan svæðisins því þá geta verið mismunandi verndarflokkur.

Commented [IMB2]: Ath þessa lýsing þegar mörk svæðisins hafa verið ákvörðuð. Óska eftir viðbótum og athugasemdum við lýsingu svæðisins þegar mörk þess hafa verið ákvörðuð

Commented [IMB3]: Skoða alþjóðasamninga sem friðlýsingin uppfyllir þegar erindi Ní berst.

Commented [IMB4R3]: G: Ath Ramsar ef Seljamýri fer inn fyrir svæðið

Commented [IMB5]: G. ath lýsinguna þegar endanlega mörk eru komin og að öll heiti í markalýsingu komi fram á kortinu.

Commented [IMB6]: ATH einungis tillaga. Þetta þarf að fara sérstaklega yfir á fundi hvort hafa eigi þessar skiptingar. Þetta er dæmi um það hvernig friðlýsingarskilmálar eru þegar um er að ræða svæðisskiptingar innan verndarsvæða.

Commented [IMB7]: Ath er þetta almennt orðalag á svæðinu?

Commented [IMB8]: Ræða á fundi

Commented [RS9R8]: Ok

Drög febrúar 2019

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur svæðisins skv. 85. gr. sömu laga.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, mannvirkjagerð, starfsemi, landvörslu, vöktun, verndun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, þ. á m. aðgengi fatlaðs fólks.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar náttúrufræðisrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og rannsóknir Minjastofnunar Íslands á menningarminjum verndarsvæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Rannsóknir á menningarminjum fara eftir lögum um menningarminjar.

7. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp hefur frumkvæði að fræðslu um svæðið. Í fræðsluefni skal upplýst um svæðaskiptingu verndarsvæðisins og mismunandi umgengisreglur sem þar gilda. Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

8. gr.

Verndun landslags

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands.

9. gr.

Verndun jarðminja

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Til að tryggja sérstaka vernd gervígga og að jarðmyndanirnar fái notið sín er óheimilt er að rækta hvers konar plöntur á eða við gervígga.

10. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins.

Commented [IMB10]: Hvað með Skógræktina? Hefur hún rannsóknar- og vöktunarhlutverk á svæðinu?

Commented [HV11R10]:

Commented [IMB12]: G: ATH aðkomu Minjastofnunar hér

Commented [HV13R12]:

Commented [RS14R12]: Ok

Commented [IMB15]: G: skýra hvaða mögulegu framkvæmdir og skoða í samhengi v. 12. Gr.

Commented [IMB16]: Spurning hvort það eigi að vera svæðaskipting hér

Commented [IMB17]: Heitir svæðið Vikrar? Spurning um að afmarka þetta svæði á kortinu.

Commented [IMB18]: Búið að óska eftir frekari upplýsingum frá NÍ um fuglavarp og -vöktun ofl. Sem viðkemur náttúruvari, dýralífi og verndargildi svæðisins. Skoða hvort það þurfi svæðisskiptingu í þessari grein

Commented [RS19R18]: Mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en 10. gr. verður endanlega ákveðin. Kemur vel til greina að svæðisskipta þessari grein.

Drög febrúar 2019

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum í Gjánni, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánar skal fjallað um framandi lífverur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið.

11. gr.

Verndun menningarminja

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Hluti svæðisins er friðlýstur sem búsetulandslag á grundvelli sömu laga..

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi þarf frá viðkomandi sveitarfélagi til framkvæmda, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Einnig þarf leyfi frá forsætisráðuneyti og/eða sveitarfélagi sbr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta. Mannvirki s.s. uppbygging og viðhald bílastæða og salernis- og þjónustuhúsa, skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að umhverfinu og hindri ekki náttúrulegan framgang lífríkis á svæðinu. Uppbygging svæðisins skal fara eftir skipulagi þess.

Minjastofnun Íslands eru heimilar nauðsynlegar framkvæmdir til verndar og rannsókna menningarminja ef þær hafa ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og eru í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Réttur bænda til nýtingar afréttar til beitar og smölunar helst óbreyttur.

13. gr.

Starfsemi innan svæðisins

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á jarðrask, aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Starfsemi skal vera í samræmi við skipulag svæðisins.

Nánar skal fjallað um starfsemi innan svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Umferð um verndarsvæðið

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengisreglum sem gilda innan þess.

Umferð vélknúinna ökutækja er heimil á merktum vegum og slóðum skv. gildandi skipulagi. Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar sauðfjár helst eins og verið hefur. Um umferð vélknúinna ökutækja vegna smölunar fer skv. 31. gr. náttúruverndarlaga sem og á þeim svæðum sem unnið er að landgræðslu.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka ákveðnum svæðum í verndarskyni í samræmi við 25. gr. og 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Commented [IMB20]: Spurning hvort þetta eigi að eiga ekki að vera almenna reglan en undanskilja tiltekin svæði. Skógræktin gæti þurft að undanskilja svæði.

Skoða þarf líka skógrækt og sauðfjárbeit í þessari grein og hvernig þetta samræmist og/eða skarast

Commented [RS21R20]: Já myndi telja að þetta ætti að vera almenna reglan en undanskilja þetta tiltekna svæði

Commented [IMB22]: Fá hér sjónarhorn Minjastofnunar um hvort þetta sé fullnægjandi ákvæði.
G: Ath hvort eigi að vísa í búsetuvernd Minjastofnunar í viðauka og jafnvel hafa kort MÍ sem viðauka

Commented [IMB23]: Hvað með Skógræktina?

Commented [RS24R23]: Finnst að það ætti að bæta Skógræktinni við

Commented [RS25]: Spurning hvort þetta þyrfti ekki að vera ítarlegra?

Commented [IMB26]: Fá sjónarmið Minjastofnunar vegna þessa ákvæðis

Commented [RS27R26]: Ok

Commented [IMB28]: Ath er önnur hefðbundin nýting á svæðinu s.s. veiði og námur/efnistaka?
G: Ath hvort stefnt sé að því að loka og ganga frá vikurnámum (við Vikra)

Commented [RS29R28]: Ég fékk ég þær upplýsingar fyrir um ári síðan að sveitarfélagið ætlaði að loka vikurnámu við Reykholt. Veit ekki hvort ákvörðun sveitarstjórnar hafi breyst síðan þá. Veit ekki hvernig er með veiði á svæðinu.

Commented [IMB30]: Ath lög um skógræktina og umfang starfsemi Skógræktarinnar. Fá punkta og upplýsingar frá Skógræktinni. Spurning hvort þetta þurfi að vera svona nákvæmt eða hvort greinin eigi við svæðið.

Commented [RS31R30]: Ok

Commented [RS32]: Þarf ekki leyfi FOR eða hlutaðeigandi sveitarfélags líka, eða er nóg að fá aðeins leyfi UST? Hvernig eru löginn?

Commented [IMB33]: Hvaða undanþágúákvæði gæti þurft að setja vegna starfsemi Skógræktarinnar önnur en almenn ákv. nvl?

Drög febrúar 2019

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði utan skipulagðra tjaldsvæða.

Lausaganga hunda, annarra en þeirra sem nýttir eru við smölun fjár, er óheimil innan verndarsvæðisins. Hundar skulu vera undir tryggri stjórn og gætt að þeir valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins. Til verndar dýralífs og öryggis gesta á svæðinu er óheimilt að fara með hunda og önnur gæludýr í Gjánna.

Umferð gangandi, hjólandi og ríðandi er aðeins heimil för á þar til gerðum stígum skv. skipulagi svæðisins. Hrossabeit er óheimil utan til þess gerðra svæða. Notkun hesta við smölun er heimil sbr. 12. gr.

Notkun ómannaðra loftfara er óheimil í Gjánni, við Háafoss og Granna nema með sérstöku leyfi frá Umhverfisstofnun. Að öðru leiti skal farið eftir reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu farstýrðra loftfara.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla utan skipulagðra tjaldsvæða.

Nánar skal fjallað um umferð um verndarsvæðið í stjórnunar- og verndaráætlun.

15. gr.

Umgengni um verndarsvæðið

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð flát eða hann tekinn með út af svæðinu.

16. gr.

Veidi og notkun skotvopna

Veidar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nánar skal fjallað um veiðar á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Veidar á ref og mink eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun.

17. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 90. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

18. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra

Commented [IMB34]: ATH eru þau til innan svæðisins?. Á þessi setning rétt á sér?

Commented [IMB35]: Á að vera óheimilt annars staðar? Hvað segja heimamenn?

Commented [IMB36]: Spurning hvort það þurfi frekari umfjöllun í svá og því spurning hvort þessi setning eigi við

Commented [IMB37]: Skoða þarf þetta í samræmi við umræður á fundi samráðshópsins þar sem rætt var um hvort það eigi að banna notkun skotvopna á svæðinu en heimila veiði í ám og vötnum

Commented [HV38R37]:

Commented [RS39R37]: Verður ekki að gæta jafnræðis hér? Er hægt að færa rök fyrir því að heimilt sé að veiða í ám og vötnum á svæðinu en notkun skotvopna sé óheimil á svæðinu?

Drög febrúar 2019

Viðauki I – kort og hnitaskrá

Hnitaskrá –

DRÖG